

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á VOPNAFIRÐI

Dagsetning	22. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Ólafur Ármannsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 45,177 V14 49,553
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit, en nú hefur fengist staðfesting á því að úrbætur hafa farið fram. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Vopnafirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Nýleg olíuskilja er við stöðina. Tekið var sýni af frárennsli olíuskiljunnar og sent í efnagreiningu hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði hjá Háskóla Íslands. Ekki greindust olíuleifar í frárennslinu. Olíuskiljan var þjónustuð 14. júní sl.

Fimm geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Þróarbotn er steinsteyptur og reyndist brotinn þar sem aflagðar lagnir ganga upp í gegnum steinsteyptuna í syðsta hluta þróarinnar. Bent var á að gera þurfi við þróarbotn svo þróin sé olíuheld.

Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Lekur þróarbotn

Við eftirlit kom í ljós að steinsteyptur þróarbotn hafði aflagast og var greinilega stór sprunga í botninum þar sem lagnir ganga í gegnum hann. Farið var fram á úrbætur. Umhverfisstofnun hefur nú fengið gögn sem sýna að aflagðar lagnir hafa verið fjarlægðar og steypt í þróarbotninn. Því er ekki gerð athugasemd við þetta lengur.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 17/10/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.